

Eldgos í Grímsvötnum

Vettvangskönnun 24.-27. maí 2011



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
SAMANTEKT	4
SAMANTEKT UM ÁHRIF Á SKAFTÁRHREPP	4
SAMANTEKT UM ÁHRIF Á SVÆÐIÐ VESTAN SKAFTÁRHREPPS	5
SKAFTÁRHREPPUR	6
HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSMÁL	6
FERÐAÞJÓNUSTA.....	7
BÚFÉ OG FISKELDI.....	9
TJÓN OG KOSTNAÐUR	12
ÁHRIF Á SVÆÐIÐ VESTAN SKAFTÁRHREPPS	14
HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSMÁL	14
FERÐAÞJÓNUSTA.....	16
ÁHRIF ELDGOSS Á BÚFÉ	17
TJÓN OG KOSTNAÐUR	18
SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR	19

Inngangur

Laugardaginn 21. maí hófst eldgos í Grímsvötnum í Vatnajökli. Eldgos í Grímsvötnum hafa verið tiltölulega lítil undanfarna áratugi. Helsta hættan af þeim hafa verið jökulhlaupin í kjölfarið sem valdið hafa tjóni á mannvirkjum á Skeiðarársandi. Að þessu sinni hafa ekki orðið nein hlaup sem valdið hafa vandkvæðum.

Eldgosið nú er líklega stærsta eldgos í Grímsvötnum frá því 1619. Gosmökkur náði í 18-20 km hæð fyrsta hálfu sólarhringinn. Mjög hefur dregið úr krafti gossins frá því sem hann var mestur. Gosefnin sem koma upp eru basalt, eins og í fyrri Grímsvatnagosum. Einnig er magn flúors lítið, innan við 10 mg á fermetra, um 1% af því sem algengt er í Heklu eða var í Eyjafjallajökli lengst af. Vatn og gufa í gíg og gosmekki skolar flúor og öðrum eiturefnum af gjóskunni. Magn kviku sem braut sér leið til yfirborðs í upphafi gossins er talið hafa verið 3000m³/sek. til samanburðar þá komu 600m³/sek úr Eyjafjallajökli þegar mest var 2010.

Afleiðingar þessa eru gríðarlegt öskufall og þá sérstaklega á svæðinu frá Kvískerjum í austri og að Vík í vestri. Talsvert öskufall hefur orðið bæði austar og vestar. Þetta hefur haft mikil áhrif á daglegt líf íbúa þar sem ekki var hægt að vera útivið með góðu móti og bændur lentu í miklum erfiðleikum með að sinna búsmala sínum. Loka þurfti þjóðvegi 1 allt frá Vík og austur í Freysnes. Björgunarsveitir og lögregla heimsóttu íbúa og komu til þeirra grímum og hlífðargleraugum. Þetta gekk hægt vegna öskufallsins og urðu björgunarmenn frá að hverfa á tímabili vegna þess að ekki sást út úr augum.

Að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra ákvað ríkisstjórnin að teymi á vegum Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra færi yfir það svæði sem orðið hefur fyrir mestum áhrifum af eldgosinu. Gögnum var safnað á vettvangi, mat lagt á aðstæður og tillögur settar fram um þær aðgerðir sem lagt er til að farið verði í. Tillögurnar byggja að stærstu leyti á óskum hagsmunaaðila á svæðinu og niðurstöðum samráðsfunda matsteymisins.

Í teyminu voru:

- Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra
- Vagn Kristjánsson, lögreglumaður
- Ólafur Loftsson, björgunarsveitarmaður sérþjálfmaður í ástandsmati á hamfarasvæðum
- Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands
- Hildur Traustadóttir, stjórnarformaður Bjargráðasjóðs
- Elvar Eyvindsson, bóndi og fyrrverandi sveitarstjóri Rangárbings Eystra
- Kjartan Blöndahl, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins

Teymið fundaði með íbúum, sveitarstjórum, sveitarstjórnarmönnum, stjórnendum aðgerða, fulltrúum ferðaþjónustuaðila, fulltrúum björgunarsveita, fulltrúum Rauða krossins, lögreglumönnum, slökkviliðsmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga, alls 52 aðilum. Viðmælendalisti yfir íbúa og aðila sem rætt var við til viðbótar er fylgiskjal með skýrslunni.

Samantekt

Þjónustumiðstöð Almannaþingarinnar var opnuð 25. maí í grunnskólanum á Kirkjubæjarklaustri, fjórum dögum eftir að eldgos hófst og mun Vagn Kristjánsson sem var einn af matsteymi Almannaþingarinnar stýra starfsemi hennar í upphafi. Nú þegar hefur verið gripið til ýmissa aðgerða sem ekki gátu beðið. Helstu verkefni í upphafi snúa að hreinsun allra bygginga að utan og nú þegar hefur verið lokið við þrif innandyra á mikilvægum byggingum sem sinna almannaþjónustu.

Í skýrslunni er reynt að fá fram heildarsýn á þau verkefni sem stjórnvöld gætu þurft að styðja við næstu tvö árin.

Samantekt um áhrif á Skaftárhrepp

Heilbrigðis- og félagsmál

- Tímabundin fjölgun starfsfólks
- Hvíldarinnlagnir
- Samskipti við íbúa á meðan á eldgosi stóð
- Hátt hlutfall eldri borgara

Ferðaþjónusta

- Hreinsunarstarf þarf að hefjast sem fyrst hjá ferðaþjónustuaðilum
- Stuðningur við ferðaþjónustu skili sér beint á áhrifasvæði
- Afmörkun raunverulegs áhrifasvæðis mikilvæg
- Markaðsáttak 2010 skilaði ekki árangri á svæðinu
- Meiri samdráttur vegna íslenskra ferðamanna en erlendra
- Sérstök gjaldtaka hjá bílaleigum vegna aksturs um svæðið
- Aðgerðir í Vatnajökulsþjóðgarði og Katla Geopark

Búfé og fiskeldi

- Aðgengi að beitarlandi
- Heybirgðir á svæðinu
- Sýnataka á vatni
- Gott aðgengi að hreinu vatni
- Ekki hægt að flytja búfé vegna sauðfjárveikivarna
- Efla dýralæknisþjónustu

Tjón og kostnaður

- Hreinsunarstarf í kjölfar gossins
- Tjónaskoðun og tjónamat

Samantekt um áhrif á svæðið vestan Skaftárhrepps

Heilbrigðis- og félagsmál

- Hvíldarinnlagnir og dagvist fyrir eldri borgara
- Hátt hlutfall eldri borgara m.v. landsmeðaltal
- Ágangur fjölmiðla á íbúa

Búfé og fiskeldi

- Beitarmál og fóðuröflun fyrir búfé
- Heilsufar til lengri og skemmri tíma

Ferðaþjónusta

- Afbókanir gistirýma í ferðaþjónustu
- Villandi upplýsingar frá fjölmiðlum
- Staðbundin styrking ferðaþjónustu
- Efla jákvætt viðhorf ferðamanna til svæðisins
- Sérstök gjaldtaka hjá bílaleigum vegna aksturs um svæðið
- Lítil notkun á tjaldsvæðum (helst Íslendingar)

Skaftárhreppur

Skaftárhreppur

Íbúafjöldi 1. desember 2010 var 446 manns

219 íbúðir og einbýli

Heilbrigðis- og félagsmál

Mikil ánægja er með lækniástoð og hjúkrunarfólk. Hringt var í hvert einasta hús í sveitinni og á Klaustri strax eftir að eldgos hófst. Spurt var um hagi fólks og hvort það vanhagaði um eitthvað eða hvort einhverjar spurningar væru. Þá var einnig kannað hvort einhver vildi yfirgefa svæðið, en engin fyrirmæli voru gefin eða hafa verið gefin um rýmingu. Fólk kunni vel að meta að haft var samband við það að fyrra bragði.

Helst ber að nefna:

- Tímabundin fjölgun starfsfólks
- Hvíldarinnlagnir
- Samskipti við íbúa á meðan á eldgosi stóð
- Hátt hlutfall eldri borgara

Fram kom hjá lækni að ástandið sé viðráðanlegt en þörf á auknum mannskap er augljós, bæði til að sinna lækni- og hjúkrunarþjónustu. Enn er talsvert álag á heilbrigðisstarfsfólk vegna áhrifa á íbúa frá síðasta eldgosi. Búast má við auknum kostnaði vegna þessa á næstu mánuðum. Áfram þarf að styðja við íbúa svæðisins með því að heimsækja þá og fylgjast með heilsu þeirra, ekki síst andlegri vellíðan s.s. síðbúinni áfallastreitu. Gera má ráð fyrir talsvert auknum áhrifum á næstu mánuðum. Jafnvel má gera ráð fyrir að utanaðkomandi hjálp fagaðila sé nauðsynleg í einstaka tilfellum vegna áfallastreituröskunar.

Meðalaldur íbúa í sveitarfélaginu er mjög hár. Fimmtungur íbúa eru 67 ára og eldri, sem eykur álag á heilbrigðisstarfsemi á svæðinu. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir hvíldarinnlögnum eins og í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli. Rými er til staðar fyrir hvíldarinnlagnir á Dvalarheimilinu á Klaustri, en tryggja þarf fjármagn til að hægt sé að nýta það. Gera má ráð fyrir að þörf verði fyrir þetta úrræði til lengri tíma vegna gossins, jafnvel næstu 1-2 ár. Sóknarpresturinn á Höfn þjónar veigamiklu hlutverki í sálgæslu. Mikið álag er á prestinum á Höfn, enda þjónar hann stóru svæði.

Ekki er skortur á neysluvatni. Vífilfell og Ölgerðin hafa útvegað 8 tonn af vatni í lítersflöskum og hefur þeim verið dreift um svæðið. Engar upplýsingar komu fram um skort á daglegum nauðsynjum.

Hafa ber í huga að nú þegar eru í gangi og á forræði ýmissa stofnana rannsóknir á áhrifum eldgossins á ýmsa þætti þess og mikilvægt er að þeim niðurstöðum verði fylgt eftir og tekið tillit til þeirra í langtímaúrræðum. Þetta eru t.a.m. heilsufarsrannsóknir bæði á mönnum og dýrum, rannsóknir á grasi m.t.t. til framtíðargæða, vatnsgæði og gæði afurða í vinnslustöð.

TILLÖGUR

Fyrstu 30 dagarnir

- Það þarf að fjölga starfsfólki í heilbrigðisþjónustu, bæði lækni og hjúkrunarfræðing.
Ábyrgð: Velferðarráðuneyti
- Gerð verði greining á þörfinni fyrir hvíldarinnlagnir og dagvistarþjónustu aldraðra íbúa á áhrifasvæðinu. Starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu býr yfir miklum upplýsingum um ástandið um þessar mundir og mikilvægt er að þeir aðilar séu í lykilhlutverki við slíka greiningu/könnun.
Ábyrgð: Velferðarráðuneytið í samstarfi við heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu.
- Kanna þarf hvort einn sóknarprestur nái að anna þeim verkefnum sem nauðsynleg eru í kjölfar eldgossins.
Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti í samráði við starfandi sóknarprest og heimamenn.

Fyrir næstu 2 ár

- Gerð verði greining á þörfinni fyrir hvíldarinnlagnir og dagvistarþjónustu aldraðra íbúa á áhrifasvæðinu. Starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu býr yfir miklum upplýsingum um ástandið um þessar mundir og mikilvægt er að þeir aðilar séu í lykilhlutverki við slíka greiningu/könnun.
Ábyrgð: Velferðarráðuneytið í samstarfi við heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu.
- Unnið verði með niðurstöður úr rannsóknum á áhrifum eldgossins á líf, heilsu og afkomu þannig að þær verði íbúum á gossvæðinu til hagsbóta.
Ábyrgð: Umhverfissráðuneyti, Velferðarráðuneyti og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Ferðapjónusta

Ferðapjónustan á svæðinu hefur verið mjög öflug á síðasta áratug, en eldgosíð í Eyjafjallajökli dró verulega úr ferðamannastraumi á svæðið síðasta sumar. Nú hafa heimamenn áhyggjur af því að eldgosíð í Grímsvötnum muni hafa slæm áhrif á viðhorf ferðamanna til svæðisins, ekki síst Íslendinga og jafnvel verða til þess að bæði stórir sem smáir ferðapjónustuaðilar á svæðinu muni þurfa að hætta rekstri. Mikilvægt er að hefja hreinsunarstarf sem allra fyrst og tryggja að ferðapjónustuaðilar séu í stakk búnir til að taka við gestum.

Helst ber að nefna:

- Hreinsunarstarf þarf að hefjast sem fyrst hjá ferðapjónustuaðilum
- Stuðningur við ferðapjónustu skili sér beint á áhrifasvæði
- Afmörkun raunverulegs áhrifasvæðis mikilvæg
- Markaðsáttak 2010 skilaði ekki árangri á svæðinu
- Meiri samdráttur vegna íslenskra ferðamanna en erlendra
- Sérstök gjaldtaka hjá bílaleigum vegna aksturs um svæðið
- Aðgerðir í Vatnajökulsþjóðgarði og Katla Geopark

Samfélagið í Vestur - Skaftafellssýslu á undir högg að sækja vegna fámennis og aldurssamsetningar. Þetta á einnig að nokkru leyti við um Rangárþing eystra sem varð fyrir svipuðum áföllum í fyrra. Því er tiltölulega lágt hlutfall íbúanna sem stendur að atvinnurekstri á svæðinu. Erfitt hefur reynt að koma beinum stuðningi til ferðaþjónustunnar á gossvæðunum en hún hefur þó orðið fyrir miklum áföllum. Til að aðstoð vegna eldgossins nýtist ekki aðeins til að létta undir með íbúum til skamms tíma og bæta áþreifanlegan skaða, væri einn möguleikinn að styrkja sameiginleg verkefni þessa þriggja sveitarfélaga á áhrifasvæði eldgosanna.

Áhrifasvæði gossins er að miklu leiti innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Á áhrifasvæði gossins í þjóðgarðinum koma um 200 þúsund manns á ári, eða um 40% af ferðamönnum sem koma til Íslands. Samstarf þarf að vera á milli þjóðgarðsins og Landgræðslunnar til að kanna ástand á gróðri, gönguleiðum og ferðamannastöðum innan og í nágrenni þjóðgarðsins til að svæðið sé í stakk búið til að taka á móti ferðamönnum. Einnig gæti það haft jákvæð áhrif að hraða uppbyggingu við gestastofu og Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri til að bæta þjónustu og auka áhuga ferðamanna til að koma inn á svæðið. Einnig er möguleiki að styrkja verkefnið Katla Geopark eða önnur sambærileg verkefni sem sveitarfélögin þrjú, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur standa að. Verkefnið er vel til þess fallið að byggja upp ferðaþjónustuna á svæðinu og byggir á hinni einstöku náttúru þess, kynningu á henni og tengingu við atvinnu- og mannlíf á svæðinu. Verkefnið leggur einnig áherslu á tengsl við atvinnulíf svæðisins, ekki síst landbúnaðinn. Meðal annars er lögð áhersla á eflingu heimagerðra afurða og markaðssetningar á þeim til ferðamanna sem koma á svæðið. Þannig getur þetta verkefni einnig komið að eflingu landbúnaðar í þessum héruðum.

Á síðasta ári var öskufall í Skaftárhreppi nánast ekkert, en áhrifa eldgossins í Eyjafjallajökli gætti verulega vegna þess hve óskýr afmörkun áhrifasvæðis eldgossins var í fjölmiðlum og einnig höfðu takmarkanir á akstri bílaleigubíla um svæðið mikil áhrif. Nú hafa ferðaþjónustuaðilar í Skaftárhreppi áhyggjur af því að það sama kunni að gerast í sumar, að ferðaþjónustuaðilar austan Kirkjubæjarklausturs muni gjalda fyrir ranga upplýsingagjöf af svæðinu. Þegar er nokkuð um afbókanir í ferðaþjónustunni og mikilvægt að snúa þeirri þróun við hið fyrsta til að rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu leggist ekki af. Þó rekstraraðila gagnvart tekjumissi er ekki mikið.

TILLÖGUR

Fyrstu 30 dagarnir

- Aðstoða ferðaþjónustuna við hreinsun og lagfæringar þannig að hægt sé að koma þjónustunni á fullt skrið sem fyrst.
Ábyrgð: Þjónustumiðstöð Almanna
- Yfirvöld vinni í samráði við fyrirtæki og heimamenn, fái réttar upplýsingar um stöðu mála og aðstoði við að koma þeim á framfæri.
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti
- Hvetja alla hlutaðeigandi aðila sérstaklega ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur að halda stillingu og draga ekki bókanir til baka.
Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

- Taka upp viðræður við bílaleigur varðandi sérstakt álag vegna bíla sem fara inn á svæðið.

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

Næstu 6 mánuðir

- Meta þarf hvort stuðningur við Katla Geopark myndi nýtast vel sem stuðningur við ferðaþjónustu á svæðinu.

Ábyrgð: Umhverfissráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti

- Fjármagn til að sinna nauðsynlegum aðgerðum í Vatnajökulsþjóðgarði verði tyggt og haldið verði áfram með hugmyndir um uppbyggingu gestastofu og þekkingarseturs.

Ábyrgð: Umhverfissráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti

Búfé og fiskeldi

Í Vestur Skaftafellssýslu er áætlað að séu u.þ.b 20.000 veturfóðraðar kindur sem gera má ráð fyrir að á þessum tíma séu á milli 35.000 og 38.000 með lambfé.

Ýmislegt bendir til að töluvert meira öskufall sé á ræktuðu landi en eftir gos í Eyjafjallajökli.

Helst ber að nefna:

- Aðgengi að beitarlandi
- Heybirgðir á svæðinu
- Sýnatöku á vatni
- Gott aðgengi að hreinu vatni
- Ekki hægt að flytja búfé vegna sauðfjárveikivarna
- Efla dýralæknþjónustu

Að sögn ráðunautar hjá Búnaðarsambandi suðurlands (Bssl) er ekki raunhæft að ætla að flytja fé á önnur svæði til sumarbeitar þar sem það er í fyrsta lagi allt of margt auk þess sem ekkert svæði getur tekið við þeim sökum fjölda og sauðfjárveikivarnahólfa. Síðastliðið sumar var fé flutt frá bæjum undan Eyjafjöllum austur í Skaftárhrepp í beitarhólf að Þverá og Leiðvöllum. Sauðfjárveikivarnargirðing er frá Markarfljóti að Gígjukvísl.

Heymagn á skaðasvæðinu er nokkuð gott en eftir er að kanna nánar hvernig heybirgðir eru á hverjum bæ. Bssl hefur yfirumsjón með skipulagi á starfi ráðunauta sem fara á alla bæi nú í kjölfar gossins.

Vatn er mengað á einum bæ svo vitað sé og ekki hafa borist vísbendingar um annað en að rennandi vatn sé í lagi á öðrum stöðum. Þegar hefur verið tekin ákvörðun um að bora eftir vatni í því tilfelli sem vatnsbólíð er mengað. Kanna þarf ástand vatnsbóla almennt og mun Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vera með slíkt á þróunum.

Athuga þarf hvort hægt er að nýta sameiginleg beitarhólf svo sem í Leiðvallargirðingu og Þverá. Girðingar voru bættar á síðasta ári, en nauðsynlegt er að fara með girðingum til að tryggja að þær haldi. Ástandið hefur ekki verið kannað á afréttum enn, en ef ljós kemur að ekki verði hægt að beita þá er líklegt að nota þurfi Leiðvallargirðingu fyrir bændur í Skaftárhreppi. Það myndi útiloka möguleika

bænda undir Eyjafjöllum til að nýta það beitarnland eins og ráðgert hafði verið. Nokkrar jarðir hafa næg heimalönd til sumarþeitar. Til að létta á beitarnlandi er möguleiki að flytja hrossin af svæðinu.

Eftirfarandi upplýsingar bárust frá Landgræðslu Ríkisins:

Ljóst er að hvassevæðrið um og eftir síðustu helgi hefur feykt burtu mjög mikilli ösku, sem fallið hafði í Skaftártungu, Út Síðu og á Kirkjubæjarklaustri. Ef ekki bætist við aska á þessu láglendi þá mun gróður væntanlega ná sér fljótt á strik í tünnum og á útjörð þar sem hann er öflugur. En mosi og annar lággróður hefur hlotið skaða af öskufallinu. Heldur meiri aska virðist vera í Meðallandi, en í fyrrnefndum sveitum.

Mun meiri aska er á láglendi þegar kemur austur fyrir Kirkjubæjarklaustur, sérstaklega í austanverðu Fljótshverfi og bæði tún og útjörð hljóta að hafa skaðast verulega. Þar gæti þurft að gripa til ráðstafana, það er gróðurstyrkingar vegna sumarþeitar sauðfjár.

Úrræði fyrir beit sauðfjár á verstu öskufallssvæðunum í Skaftárhreppi verða mjög takmörkuð, vegna útbreiðslu öskufallsins og sauðfjárveikivarnarlína. Landgræðslan mun leita allra leiða til að aðstoða bændur í samráði við Búnaðarsamband Suðurlands.

Vegir inn á afrétti V-Skaftafellsýslu eru enn lokaðir en starfsmenn Landgræðslunnar munu fylgjast grannt með ástandi afrétta og annarra beitelenda sem hafa orðið fyrir öskufalli.

Mosapembur og annar lággróður er ríkjandi víða á Skaftfellsku afréttunum. Líklegt verður að teljast að Síðuafréttir verði óþeitarhæfir í sumar og búast má einnig við miklum gróðurskemmdum á Skaftártunguafrétti. Þetta er þó alls ekki staðfest.

Starfsmenn Landgræðslunnar munu veita bændum og stjórnvöldum alla þá ráðgjöf og aðstoð sem í þeirra valdi stendur.

Þrátt fyrir að mikil aska hafa fokið burtu frá Kirkjubæjarklaustri og nágrenni, þá mun Landgræðslan skoða umhverfi þéttbýlisins sérstaklega á næstu dögum. Afar líklegt er að gripa verði til gróðurstyrkingar á aðliggjandi gróðursvæðum til að draga úr öskufoki á kaupúnið í sumar.

Landgræðslan mun fylgjast með farvegum fallvatna á áhrifasvæði öskufallsins frá Grímsvötnum meðal annars m.t.t. aukins framburðar og hættu á jarðvegsgrofi vegna öskunnar, samanber reynsluna frá Eyjafjallajökulsgosinu.

Það er mat dýralæknisins á svæðinu að sauðfé sé best komið í hólfum og á tünnum heima þar til úthagar hafa jafnað sig. Hrossum er nauðsynlegt að gefa úti. Ekki er talin ástæða til að gera aðrar ráðstafanir. Lambfé þarf rými og verður að vera heima við á gjöf þar til gróður nær sér á strik. Reynsla úr Mýrdal og Eyjafjöllum sýnir að túnabeit er góður kostur og jafnvel er hægt að heyja þau tún seinnipart sumars. Reyndust þau tún vera ein þau bestu, þegar upp var staðið varðandi öskumagn í heyi. Það þyrfti að huga að stuðningi vegna aukinnar áburðarnotkunar vegna þess. Hugsanlegt er að flytja hross um lengri veg ef rýma þarf í heimahögum fyrir sauðfé og nautgripi þar sem ekki gilda sömu reglur um varnarlinur vegna sjúkdóma í sauðfé og hrossum.

Á öllum fundunum komu fram áhyggjur af hólfinu sem Eyjafjallaféð gekk á síðastliðið sumar. Það hólfi er á öskusvæðinu núna og óljóst hvernig gróðri þar reiðir af auk þess sem ljóst er að

Skaftfellingar þurfa sjálfir að nota hólfið undir sitt fé þar sem beitarlönd hafa skerts mikið eða eyðilagst.

Einn dýralæknir er á Klaustri og hefur hann þjónað bændum eins og kostur er. Á vegum Bssl eru tvö til fjögur teymi ráðunauta og dýralækna að fara af stað og er þeirra hlutverk að fara á öll býli og leiðbeina og aðstoða bændur. Á næstunni er ætlunin að safna saman búfjárræktarráðunautum af öllu landinu og fara markvisst um svæðið bændum til aðstoðar og leiðbeiningar. Skepnur hafa blindast af öskuryki en hópur búfræðinema hefur aðstoðað bændur við að skola augu skepna undir stjórn Bssl.

Í fiskeldisstöð við Kirkjubæjarklaustur er ljóst er að nokkuð af fiski hefur drepist í kvíunum. Mikið hreinsunarstarf er framundan hjá rekstraraðilum stöðvarinnar þar sem kerin eru óvarin og því opin fyrir öskufjúki.

TILLÖGUR

Fyrstu 30 dagarnir

- Fylgjast þarf vel með heilsufari búfjár. Tryggja að dýralæknar séu til taks ef þörf krefur. Teymi ráðunauta og dýralækna munu fara um svæðið og meta ástandið.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

- Tryggja þarf nægt rennandi vatn. Teymi ráðunauta og dýralækna munu fara um svæðið og meta ástandið.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

- Tryggja lausnir fyrir sauðfjárbreit sem allra fyrst þar sem flest fé er þegar komið á tún og því brýnt að fá niðurstöðu með sumarreit sem fyrst.

Ábyrgð: Umhverfisráðuneyti (Landgræðslan)

- Meta þörf á og fylgjast með fóðuröflun bænda og grípa inn í og aðstoða þar sem þörf er á. Þar með talið er könnun á áburðarþörf vegna heimabeitar.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Næstu 2 ár

- Tryggja að íbúar hafi áframhaldandi aðgang að ráðgjöf sérfræðinga s.s. ráðunauta

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

- Áhrif eldgossins mun gæta til lengri tíma. Hætt er við styttri líftíma búfjár vegna þess að það gengur úti. Þetta virðist reynsla frá fyrri gosum sýna og ástæða er til að kanna enn frekar.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Tjón og kostnaður

Í Skaftárhreppi eru 219 íbúðir og einbýli sem samtals telja um 29.500 fermetra. Mikið er af ferðþjónustufyrirtækjum sem samtals hafa yfir að ráða húsnæði sem er á milli 14 og 15 þúsund fermetrar. Ekki hafa verið metin tjón á eignum vegna öskufallsins, en ljóst er að talsverðar skemmdir hafa orðið á þökum vegna þess.

Helst ber að nefna

- Hreinsunarstarf í kjölfar gossins
- Tjónaskoðun og tjónamat

Mikilvægt er að byrja sem allra fyrst að hreinsa öskuna af eignum til að draga úr tjóni af völdum hennar, en vitað er að það hefur slæm áhrif á járn og málningu að aska liggi þar í langan tíma.

Það er mat sérfræðinga Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra að nauðsynlegt sé að nota tækjabíla til að hreinsa öll hús í sveitarfélaginu þar sem öskufall er metið mjög mikið á þessu svæði. Skaftárhreppur hefur ekki yfir að ráða nægum mannafla til að annast skipulag á hreinsunarstörfum og því hefur þjónustumiðstöðin á Klaustri hefur tekið að sér skipulag á öllu sjálfboðaliðastarfi á svæðinu og þeirri aðkeyptu þjónustu sem þarf til að koma öllu í eðlilegt horf á ný. Sveitarfélagið hefur heimild skv. lögum um virðisaukaskatt til að fá endurgreiðslu á kostnaði sem verður til vegna björgunarstarfa sem miða að því að koma í veg fyrir að meiri eyðilegging verði.

Viðlagatrygging Íslands hefur ákveðið að styrkja sveitarfélagið með framlagi til að standa straum af kostnaði við hreinsun á þeim 219 fasteignum sem um ræðir. Lagt er til að sá kostnaður sem til fellur umfram styrk Viðlagatryggingar og endurgreiðslu virðisaukaskattsins verði greiddur af ríkinu.

Kostnaður vegna bótaskyldra tjóna á fasteignum verður metinn á næstunni af matsmönnum Viðlagatryggingar Íslands eftir því sem aðstæður skapast til tjónaskoðunar. Almannavarnadeildin hefur í samstarfi við Viðlagatryggingu Íslands unnið að bættu tilkynningaferli vegna tjóna í náttúruhamförum. Það tilkynningaferli hefur þegar verið virkjað og hægt er að senda inn tilkynningar rafrænt af vefsíðum og einnig munu starfsmenn í þjónustumiðstöð aðstoða tjónþola við að tilkynna tjón.

Kostnaður vegna tjóna sem Bjargráðasjóður hefur bætt í atburðum sem þessum verður metinn af ráðunautum og dýralækni. Ekki er ljóst hversu mikill hann verður þar sem óljóst er hver áhrif eldgossins eru á gróið land. Ýmislegt bendir til þess að áhrif á gróið land séu mun umfangsmeiri nú en í eldgosinu í Eyjafjallajökli.

Kostnað vegna neyðarviðbragða ýmissa stofnana og félagasamtaka þarf að taka saman jafn óðum og hann liggur fyrir og gera grein fyrir honum til Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra skv. þeim verklagsreglum sem unnið er eftir í aðgerðum vegna eldgossins.

Fyrstu 30 dagarnir

- Tryggja þarf viðbótarfjármagn til að borga þann kostnað sem fellur til vegna hreinsunarstarfa.
Ábyrgð: Ráðuneytisstjóranefnd vegna eldgossins í Grímsvötnum
- Tryggja þarf fjármagn til að mæta þeim kostnaði sem að stofnanir ríkisins hafa orðið fyrir.
Ábyrgð: Ráðuneytisstjóranefnd vegna eldgossins í Grímsvötnum
- Greina þarf þann kostnað sem sveitarfélög hafa orðið fyrir og meta aðkomu ríkisins.
Ábyrgð: Ráðuneytisstjóranefnd vegna eldgossins í Grímsvötnum
- Nýta verkferla sem nefnd Forsætisráðuneytisins hefur unnið til að ná utan um kostnað og vinna tillögur til ráðuneytisstjóra nefndarinnar.
Ábyrgð: Ráðuneytisstjóranefnd vegna eldgossins í Grímsvötnum

Áhrif á svæðið vestan Skaftárhrepps

Mýrdalshreppur

Íbúafjöldi 1. desember 2010 var 469 manns

255 íbúðir og einbýli

Rangárþing Eystra

Íbúafjöldi 1. desember 2010 var 1.741 manns

675 íbúðir og einbýli

Íbúar á svæðinu vestan Skaftárhrepps byggja á reynslunni af eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010. Í kaflanum sem hér fer á eftir er fjallað um svæðið frá Vík í austri til Hvolsvallar í vestri. Af viðtölum við forsvarsmenn og starfsfólk sveitarfélaganna og stjórnendur björgunaraðgerða eru áhrif eldgossins í Grímsvötnum mun minni en lýst hefur verið í Skaftárhreppi. Þó eru nokkur atriði sem fram kom að mikilvægt væri að huga að í kjölfar eldgossins.

Heilbrigðis- og félagsmál

Það er samdóma álit þeirra sem rætt var við að heilbrigðisþjónusta hafi almennt verið góð á svæðinu og að hægt hafi verið að sinna þeim hafa þurft á þjónustu að halda. Það er mat viðmælenda að ekki sé ástæða til að fjölga heilbrigðisfólki á Vík eða Hvolsvelli. Samráðshópur um áfallahjálp Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er starfandi á áhrifasvæðinu.

Í samtölum við tengiliði á svæðinu hafa ekki komið fram neinar vísbendingar um líkamlegar afleiðingar af eldgosinu. Fram kom í máli fulltrúa frá Hvolsvelli að mikil óvissa hefði ríkt vegna skorts á mælingum á svifryki en samkvæmt nýjustu upplýsingum var svifryksmælir settur upp við leikskólann í síðustu viku.

Helst ber að nefna:

- Hvíldarinnlagnir og dagvist fyrir eldri borgara
- Ágangur fjölmiðla á íbúa
- Hátt hlutfall eldri borgara m.v. landsmeðaltal

Mikilvægt að huga sérstaklega vel að þeim íbúum sem eru að ganga öðru sinni á einu ári í gegnum erfiða reynslu vegna eldgosa. Reynslan er sú að erfitt getur verið að meta hvaða þjónusta er mikilvægust og hvaða málefni brenna helst á íbúum. Sem dæmi má nefna að íbúafundir sem boðaðir voru til að ræða tiltekin málefni, eins og t.d. áhrif eldgosa á börn, snerust að mestu um allt önnur málefni þegar til kom. Því er mikilvægt að hlusta vel á íbúana til að meta hvaða þarfir eru helstar fyrir aðstoð.

Hlutfall eldri borgara í Rangárþingi Eystra er um 13% sem er nokkru hærra en landsmeðaltal. Í Mýrdalshreppi er þetta hlutfall hins vegar í kringum 20%. Það er allt að því helmingi hærra en landsmeðaltal. Því kann að vera ástæða til að leggja meiri þunga í aðstoð við sveitarfélögin varðandi

þjónustu við eldri borgara. Tvennt vegur þar þyngst; það þarf að vera rými fyrir fólk í hvíldarinnlögnum og fjármagn til að greiða fyrir þjónustuna.

Allir viðmælendur matsteymisins töldu að andlegt álag væri mikið á íbúana vegna neikvæðs fréttaflutnings af svæðinu. Íbúar eru ekki nægilega vel í stakk búnir til að verjast ágangi fjölmiðla og svo virðist sem áhugi sé mestur fyrir fréttum af þeim íbúum sem eiga erfiðast uppdráttar. Fram kom að mikilvægt væri að verja þessa aðila með öllum tiltækum ráðum fyrir því áreiti sem skapast af þessum sökum. Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra hefur þegar haft samband við forstjóra 365 miðla og Útvarpsstjóra til að ítreka mikilvægi þess að íbúum sé sýnd tillitssemi. Eftir stendur að erfitt er að koma böndum á erlenda fjölmiðla sem er á svæðinu.

Tillögur:

Fyrstu 30 dagarnir

- Gerð verði greining á þörfinni fyrir hvíldarinnlagnir og dagvistarþjónustu aldraðra íbúa á áhrifasvæðinu. Starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu býr yfir miklum upplýsingum um ástandið um þessar mundir og mikilvægt er að þeir aðilar séu í lykilhlutverki við slíka greiningu/könnun.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið í samstarfi við heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu.

- Tryggja þarf að fjármagn fái til að greiða fyrir hvíldarinnlagnir á dvalar- og hjúkrunarheimilunum Klausturhólum, Hjallatúni og Kirkjuhvoli auk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna íbúa af áhrifasvæði. Einnig væri æskilegt að gera ráð fyrir fjármagni fyrir dagvistarrými í tengslum við dvalar- og hjúkrunarheimilin því slík þjónusta getur létt álagi af fjölskyldum og seinkað eða komið í veg fyrir stofnanadvöl. Gera þarf ráð fyrir að í sumum tilvikum geti þjónustuþörf fjölskyldna eldra fólks varað um allmargra mánaða tíma eftir þessar hamfarir.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið

Næstu 6 mánuðir

- Könnuð verði hvaða þörf er á hvíldarinnlögnum íbúa á áhrifasvæðinu og tryggja Heilbrigðisstofnun Suðurlands fjármagn til að standa undir því.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið í samstarfi við heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu.

- Samráðshópur um áfallahjálpar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfi áfram og í samvinnu við samráðshóp um áfallahjálpar á landsvísu. Hóparnir vinni áætlun um sálrænan stuðning á svæðinu til lengri og skemmri tíma með sérstakri áherslu á þarfir barna, aldraðs fólks og þeirra sem eiga við sérstaka erfiðleika að glíma í kjölfar áfallsins núna og á síðasta ári. Á grundvelli þessarar áætlunar verði hrint í framkvæmd nauðsynlegum ráðstöfunum í þann tíma sem talinn er nauðsynlegur.

Ábyrgð: Rangárþing eystra og Mýrdalshreppur

- Ástæða gæti verið til að skoða fjárhagsstuðning við sveitarfélögin vegna félagsstarfs eldri borgara. Sérstök heimsóknþjónusta til aldraðra og þeirra sem standa höllum fæti gæti einnig verið gagnleg.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið í samstarfi við heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu.

Ferðapjónusta

Helst ber að nefna:

- Afbókanir gistirýma í ferðapjónustu
- Villandi upplýsingar frá fjölmiðlum
- Staðbundin styrking ferðapjónustu
- Efla jákvætt viðhorf ferðamanna til svæðisins
- Sérstök gjaldtaka hjá bílaleigum vegna aksturs um svæðið
- Lítil notkun á tjaldsvæðum (helst Íslendingar)

Fram komu áhyggjur af afbókunum hjá ferðapjónustuaðilum. Ekki sé óeðlilegt að fyrstu vikuna eftir gos berist afbókanir, þar sem ferðamenn komist ekki á áfangastað eða vegna þess hve framvinda mála er óljós. Reynslan frá gosinu í fyrra leiðir í ljós að 10-15 dögum eftir gos megi búast við að hægt sé að meta hver bókunarstaða í ferðageiranum á svæðinu verði þetta sumarið og næstu mánuði.

Það var mat þeirra sem rætt var við að lítið eða ekkert yrði um gesti á tjaldsvæðum í sumar. Þeir gestir sem hafa nýtt sér tjaldvæðin mest eru Íslendingar. Erlendir gestir hafa hins vegar nýtt sér hótél, gistiheimi og bændagistingu (yfir 90%). Aðilar voru sammála um að ferðapjónutan myndi ekki þola að lenda í öðru eins áfalli eins og eftir gosið í Eyjafjallajökli. Ef áhrifin á ferðapjónustuna yrðu mikil inn á svæðinu, yrði að koma til sértækra aðgerða beint til þeirra sem yrðu fyrir mestum skakkaföllum. Nefnd var sú hugmynd að hið opinbera gæti beint þjónustukaupum utan hefðbundins ferðamannatíma inn á svæðið, t.d. með ráðstefnuhaldi.

Fram komu miklar áhyggjur af röngum og villandi fréttáflutningi. Gefið væri í skyn að ástand á einstökum stöðum væri mun verra en það í raun er og mikið sé um alhæfingar. Tryggja verður réttan fréttáflutning og frásagnir af því sem „er í lagi“. Á „Suðurlandi“ er ansi stórt svæði.

Sérstaklega var nefnt að álag sem bílaleigur settu á leigugjald þeirra bíla sem ætluðu inn á öskusvæði í kjölfar Eyjafjallagossins hefði fælt ferðamenn frá því að leggja í ferðalög um svæðið.

Hátt bensínverð var einnig nefnt sem þáttur sem hafði áhrif á umferð um svæðið.

TILLÖGUR

Fyrstu 30 dagarnir

- Aðstoða ferðapjónustuna við hreinsun og lagfæringar þannig að hægt sé að koma þjónustunni á fullt skrið sem fyrst
Ábyrgð: Þjónustumiðstöð Almannavarna
- Skipa ábyrgðaraðila með upplýsingagjöf og koma henni í markvissan farveg
Ábyrgð: Upplýsingamiðstöð ferðamála á svæðinu
- Taka upp viðræður við bílaleigur varðandi sérstaks álags vegna bíla sem fara inn á svæðið.

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

- Aðstoða við markaðssetningu svæðisins í samstarfi við ferðamálayfirvöld á hverjum stað fyrir komandi sumarvertíð

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

Næstu 6 mánuðir

- Meta áhrif gossins á ferðaþjónustuna 6 mánuðina á undan og eftir atvikum koma með stuðning

Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti

Áhrif eldgoss á búfé

Helst ber að nefna:

- Beitarmál og fóðuröflun fyrir búfé
- Heilsufar til lengri og skemmri tíma

Ekki er enn orðið ljóst hvernig heyöflun mun verða undir Eyjafjöllum og í Mýrdalnum í sumar en þar mun ráða miklu hvernig ástand túna og veðurfar verður í sumar. Beit í úthaga er enn óljós en heiðar eru enn mjög laskaðar eftir eldgosið í Eyjafjallajökli.

Enn ganga á mikil öskufok yfir svæðið sem gera störf íbúa erfiðari. Ráðunautar Bssl hafa unnið mikið og gott starf á svæðinu við leiðbeiningar til bænda.

Eftir að gosið hófst í Grímsvötnum féll aska á tvö stór beitarhólf í Skaftárhreppi sem fé undan Eyjafjöllum var á síðastliðið sumar. Óvissa er nú um hvernig þau koma undan öskunni auk þess sem líklegt er að nýta þurfi þau undir fé úr Skaftárhreppi.

Ekki er komið í ljós hversu mikil áhrif eldgosíð hefur á búpening, þó er vitað að askan veldur slæmum særindum í augum, það getur síðan haft áhrif á vöxt og nyt. Lítið hefur verið um dauða eða veikindi í búfé en vitað er um nokkrar skepnur sem hafa lent í skurðum, nokkrar náðust á lífi en ekki allar. Þarna er átt við kindur og hross. Um afföll eða tjón á nautgripum er ekki vitað.

TILLÖGUR

Fyrstu 30 dagarnir

- Tryggja lausnir fyrir beit á sauðfé sem allra fyrst þar sem flest fé er þegar komið á tún og því brýnt að fá niðurstöðu með sumarreit sem fyrst.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

- Meta þörf á og fylgjast með fóðuröflun bænda og grípa inn í og aðstoða þar sem þörf er á.

Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Næstu 2 ár

- Tryggja að íbúar hafi áframhaldandi aðgang að ráðgjöf sérfræðinga s.s. ráðunauta
Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Tjón og kostnaður

Enn eru eftir óuppgerð mál vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Mikilvægt er að hraða afgreiðslu þeirra. Að eyða óvissu er mikilvægur hluti bata eftir áföll.

- Þeim málum sem ólokið er gagnvart íbúum og sveitarfélögum verði lokið sem fyrst.
Ábyrgð: Ráðuneytisstjóranefnd vegna eldgossins í Eyjafjallajökli

Sveitarfélagið Hornafjörður

Sveitarfélagið Hornafjörður

Íbúafjöldi 1. desember 2010 - 2.119

822 íbúðir og einbýli

Forsvarsmenn sveitarfélagsins Hornafjarðar hafa verið í sambandi við matsteymi Almannaþingarinnar á meðan á vinnslutíma skýrslunnar stóð. Þeirra niðurstaða var sú að ekki væri þörf fyrir utanaðkomandi aðstoð á svæðinu að svo stöddu og því voru aðeins haldnir símafundir með sveitarstjóra og viðbragðsaðilum þar en ekki farið í vettvangsferð eins og fyrirhugað hafði verið.

Pátttakendur á fundum:

Anton Kári Halldórsson	Skaftárhreppur
Auðbjörg Bjarnadóttir	Heilsugæslan
Ásgeir Magnússon	Mýrdalshreppur
Ásgeir Magnússon	Mýrdalshreppur
Baldur Ólafsson	Vettvangsstjórn SL
Björn Kjartansson	IRR
Bryndís F. Harðadóttir	Svæðisstjórn SL
Böðvar Jónsson	Slökkvilið Rang
Eggert Sólberg Jónsson	Mýrdalshreppur
Elías Guðmundsson	Mýrdalshreppur
Elín Einarsdóttir	Mýrdalshreppur
Eygló Kristjánsdóttir	Skaftárhreppur
Grétar Már Þorvaldsson	Búnaðarsamband Suðurlands
Guðbjörg Jónsdóttir	Búnaðarsamband Suðurlands
Guðlaug Ósk Svansdóttir	Rangárþing Eystra
Guðmundur Ingi Ingason	Lögreglan Klaustri
Guðmundur Vignir Steinsson	Slökkvilið Skaftárhrepps
Guðveig Hrólfsdóttir	RKÍ
Gunnar Þorleifsson	Héraðsdýralæknir
Gunnsteinn R. Ómarsson	Rangárþing Ytra
Haraldur Johannesen	RLS
Helga Halldórsdóttir	RKÍ Víkurdeild
Helga Þorbersgsdóttir	Heilsugæslan Vík
Hermann Sæmundsson	IRR
Hrannar Björn Arnarsson	PMO
Ingi Már Björnsson	Mýrdalshreppur
Ingólfur Hartingsson	Sóknarprestur
Ísólfur Gylfi Pálmason	Rangárþing Eystra
Ísólfur Gylfi Pálmason	Rangárþing Eystra
Jóhann Tómasson	IRR
Jóhanna Róbertsdóttir	RKÍ
Jón Bjarnason	Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið
Jón Bjartmarz	RLS
Jón Gíslason	MAST
Katrín	MAST
Kjartan Þorkelsson	Sýslumaður Hvolsvelli
Kristín Þórðardóttir	Sýslumaður Hvolsvelli
Margrét Ingjaldsdóttir	Búnaðarsamband Suðurlands
Ólöf Árnadóttir	HSV
Ólöf Ýr Atladóttir	Ferðamálastofa
Ragnheiður Hergeirsdóttir	Félagsþjónusta Rang og vestur Skaft
Runólfur Sigu.	Búnaðarsamband Suðurlands
Sigurður Örn Hansson	MAST

Sigurgeir Þorgeirsson	Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið
Sigurjón F. Ragnarsson	Vettvangsstjórn SL
Snorri Baldursson	Vatnajökulsþjóðgarður
Svein Rúnar Traustason	Ferðamálastofa
Sveinn Sigurmundsson	Búnaðarsamband Suðurlands
Þórður H. Ólafsson	Vatnajökulsþjóðgarður
Þórunn Hafstein	IRR
Þuríður Aradóttir	Rangárþing Eystra
Ögmundur Jónasson	IRR

Viðmælendur

1. Bergur Helgason á Kálfafelli
2. Gústav Magnús Ásbjörnsson Landgræðslu ríkisins
3. Hafdís Þórarinsdóttir á Kálfafelli
4. Hörður Davíðsson Hótel Laka
5. Ingibjörg Eiríksdóttir ferðamálafræðingur
6. Lárus Helgason á Kálfafelli
7. Páll Eggertsson Mýrum
8. Sigurður Árnason læknir
9. Skúli Jónsson á Þykkvabæ III
10. Snorri Björnsson Seljalandi
11. Stefán Jónsson á Þykkvabæ III
12. Sveinn Runólfsson Landgræðslu ríkisins
13. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir MAST